

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Sveitarfélaginu Stykkishólmi.

Breyting á deiliskipulagi Birkilundar í landi Saura, er varðar Birkilund 37 og 38.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á fundi skipulagsnefndar 1. desember 2025 breyting á deiliskipulagi Birkilundar í landi Saura, er varðar Birkilund 37 og 38. Bæjarráð staðfesti afgreiðslu skipulagsnefndar á fundi sínum 4. desember 2025.

Breytingin tekur til færslu á innri mörkum lóðanna, þar sem mörkin hliðrast um 10 metra til suðvesturs. Meginástæða breytingarinnar er sú að lóðamörk milli Birkilundar 37 og 38 á skipulagsuppdrætti deiliskipulags eru ekki í samræmi við stofnskjál lóðanna. Við gerð deiliskipulagsins urðu mistök sem leiddu til þess að mörkin færðust og er breytingin nú gerð til að leiðrétta þau.

Tillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Stykkishólmi, 13. janúar 2026.

Þuríður Ragna Stefánsdóttir skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 27. janúar 2026